

Mál nr. 240/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort sannað þyki að ökumaður hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstri.****Gögn.**

119. Málskot, móttækið 1.7.2013, ásamt fylgigögnum.

120. Bréf X, dags. 22.7.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 7.6.2011 mun bifreiðinni A hafa verið ekið aftan á bifreið sem M ók, en bifreið hans var kyrrstæð á gatnamótum Geirsgötu og Tryggvagötu í Reykjavík. Ekki liggur fyrir í málinu lögregluskýrsla eða önnur skýrsla um sjálft tjónsatvikið. M mun hafa leitað samdægurs á Heilsugæslustöðina á Seltjarnarnesi. Var M talinn hafa togað á hálsi.

M leitaði svo aftur til læknis 6.7.2011. Samkvæmt fyrirliggjandi vottorði þess læknis, dags. 19.3.2013, kvartaði M undan viðvarandi verkjum aðallega vinstra megin í hnakka og niður háls og einnig ofantil á hægri herðablaði. Næst kom M til læknisins 12.6.2012 með ósk um vottorð vegna slyssins. Hafði M þá verið í sjúkrahjálfun u.þ.b. tvisvar í viku frá júlímánuði 2011. Mestu einkenni voru þá í háls- og herðavöðvum vinstra megin með leiðsluverki út í vinstri framhandlegg og hendi. Vegna þessara einkenna fór M í frekari rannsóknir. Mun þá hafa greinst brjóskeið í hálsþrygg og gekkst M undir aðgerð af þeim sökum 21.2.2013. Við skoðum hjá fyrrgreindum lækni 7.3.2013 fannst M hreyfingar léttari og komast lengra í vinstri „rotatio“ og eitthvað minni verkir og dofi í vinstri handlegg en fyrir aðgerð. Í læknisvottorðinu er svo rakin sjúkrasaga M með tilliti til stoðkerfiseinkenna. Í niðurstöðukafla vottorðsins segir að áverkar eftir aftanákeyrsluna 7.6.2011 hafi valdið langvarandi einkennum frá hálsi og vinstri herðavöðvum með leiðsluverki út í vinstri handlegg og leitt til brjóskeiðsaðgerðar nýlega að undangengnum rannsóknnum. Vonir standi til að M nái sér betur en að álit læknisins væri stöðugleikapunktur ekki enn náð og því væri ótímabært að meta hugsanlegan varanlega skaða. Með þessum orðum kveðst læknirinn ætla að brjóskeiðið í hálsinum hafi komið til vegna hálsþryggisins þar sem hann hafi ekki haft viðlíka verki frá hálsi áður.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. Fékk X fyrirtækið B til að reikna út þyngdarkrafta sem verkuðu á viðkomandi ökutæki við áreksturinn. Samkvæmt skýrslu B, dags. 25.6.2012, nam þyngdarkraftur A 1,46 g og á ökutæki M 1,33 g. M.a. með vísun til skýrslu B taldi X að ósannað væri orsakasamband milli árekstursins 7.6.2011 og líkamstjóns M. X hafnaði því bótaskyldu.

Álit.

Í máli þessu virðist ekki deilt um bótaskyldu X svo fremi að sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Eitt læknisvottorð liggur fyrir í málinu um heilsufar M eftir slysið. Að því er best verður séð stafar það frá heimilislækni M. Engin matsgerð liggur fyrir um líkamstjón M af völdum árekstursins. Fyrrgreind skýrsla B gefur vísbendingu um að áreksturinn hafi ekki verið harður án þess þó að dregnar verði fortakslausar ályktanir af skýrslunni um að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni. Af fyrirliggjandi gögnum verður því ekki ráðið með fullnægjandi vissu að M hafi orðið fyrir

líkamstjóni við áreksturinn. Við svo búið telst líkamstjón hans ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 13. ágúst 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.